

## Greinargerð með fjárhagsáætlun 2023

Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á kr. 39,4 mkr. af reglulegri starfsemi. Undir öðrum liðum er áætluð gjaldfærsla upp á 74,3 mkr. vegna endurbóta í 1. áfanga og vegna áætlaðra endurnýjunar á þak- og útveggjaglæðningar í 2. áfanga Höfða. Samtals er því gert ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 113,7 mkr. á árinu 2023.

Heildartekjur heimilisins eru áætlaðar 1.379,9 mkr. og aukast um 81,3 mkr. milli ára frá fjárhagsáætlun 2022. Þjónustudaggjöld eru áætluð 1.297,6 mkr. og hækka milli ára um 73,6 mkr. eða um 6%.

Breyting á einingaverði þjónustudaggjalda milli ára er byggt á verðlags- og launaforsendur ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpi 2023 og breytingum á RAI þyngdarstuðli Höfða.

Gert er ráð fyrir að þjónustudaggjöld vegna dagdvalar hækki um 3,3% milli ára.

Varðandi gjaldahlið fjárhagsáætlunnar þá er einnig byggt á verðlags- og launaforsendum ríkisins sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu, auk þess sem tekið er tillit til breytinga á rekstri heimilisins varðandi áætlun á einstaka gjaldalykla.

Laun og launatengd gjöld nema 1.158,4 mkr. og hækka um 92,3 mkr. eða um 8,7% frá fjárhagsáætlun 2022. Laun og launatengd gjöld eru áætluð út frá launaáætlun Höfða þar sem brotið er niður á hverja deild fyrir sig. Þar sem allir kjarasamningar starfsmanna Höfða eru lausir á næsta ári er áætlað fyrir launabreytingum í samræmi við spá Hagstofu Íslands um breytingu á launavísitölu árið 2023 en þar er gert ráð fyrir 5,5% hækkun.

Annar rekstrarkostnaður nemur 205 mkr. og hækkar um 16,3 mkr. eða um 8,6%. Undir öðrum liðum í fjárhagsáætlun er sundurliðun á gjaldfærslu endurbóta samtals að fjárhæð 74,3 mkr.

Annarsvegar er um að ræða endurbætur í 1. áfanga Höfða sem eru í gangi og klárast á árinu 2023. Gjaldfærsla vegna þeirra breytinga nemur 29 mkr. í fjárhagsáætlun 2023. Einnig er gert ráð fyrir að ráðist verði í endurnýjun á þak- og útveggjaglæðningu í 2. áfanga Höfða. Gjaldfærsla vegna þeirra breytinga nemur alls 90,5 mkr. og skiptist jafnt milli áranna 2023 og 2024, 45,25 mkr. hvort ár.

Gert er ráð fyrir 10 mkr. framlagi til almenns viðhalds á húsnæði Höfða í fjárhagsáætlun 2023.

Fjármagnsliðir nema nettó 26,3 mkr. og hækka um 11,8 mkr. frá fjárhagsáætlun 2022.

Samkvæmt sjóðstreymi fjárhagsáætlunnar fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að handbært fé til rekstrar nemi 67,5 mkr. frá því að vera 22,8 mkr. frá rekstri samkvæmt fjárhagsáætlun 2022.

Fjárfestingarhreyfingar nema nettó 116,2 mkr. og er þar um að ræða eignfærslu á yfirstandandi endurbótum sem að ofan greinir.

Fjármögnunarhreyfingar nema 263,8 mkr. og er þar um að ræða afborganir af langtímalánum heimilisins upp á 25,2 mkr. og nýja lántöku upp á 289 mkr. vegna endurbóta.

Gert er ráð fyrir að handbært fé hækki um 80,1 mkr. og að handbært fé í árslok 2023 nemi 215,3 mkr.

Akranesj, 21. október 2022

Kjartan Kjartansson  
framkvæmdastjóri